



**77. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar**  
miðvikudaginn, 3. febrúar, 2004, kl. 17:00 á skrifstofu bæjarins.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson, setti fund og stjórnaði honum. Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

1. Erindi frá Trésmiðjunni Stíganda ehf.
2. Bréf frá samtökum um Náttúruvernd á Norðurlandi.
3. Bréf frá Hafnarsambandi sveitarfélaga.
4. Erindi frá Samgöngunefnd Alþingis vegna frumvarps til laga.
5. Fundargerðir framkvæmdaráðs samvinnunefndar um svæðisskipulag í Austur-Húnavatnssýslu frá 8. janúar, 21. janúar, 28. janúar og 17. febrúar 2004.
6. Grímur Gíslason og Hjörtur Einarsson mæta til viðræðna um uppbyggingu húsdýragarðs á Blönduósi.
7. Önnur mál.

**Afgreiðslur:**

1. **Erindi frá Trésmiðjunni Stíganda ehf.**  
*Fyrir hönd Stíganda ehf. sækir Hilmar Kristjánsson um frestun verkloka við lyftuhús að Hnjúkabyggð 33 sökum umfangsmikilla verkefna í sveitarfélaginu. Óskað er eftir að verklok lyftuhúss verði 30. september 2004 en skv. samningi voru verklok áætluð 1. júlí 2004. Bæjarráð samþykkir að verklok verði 30. september nk.*
2. **Bréf frá samtökum um Náttúruvernd á Norðurlandi.**  
*Til kynningar er lagt fram erindi samtakanna vegna umsagnar til Alþingis um náttúruverndaráætlun.*
3. **Bréf frá Hafnarsambandi sveitarfélaga.**  
*Fyrsta hafnasambandsþing verður haldið dagana 28. og 29. október 2004. Nánari upplýsingar verða sendar út þegar nær dregur þinginu. Lagt fram til kynningar og vísað til hafnar- og veitunefndar.*
4. **Erindi frá Samgöngunefnd Alþingis vegna frumvarps til laga.**  
*Fram lagt til kynningar frumvarp til laga um siglingavernd.*
5. **Fundargerðir framkvæmdaráðs samvinnunefndar um svæðisskipulag í Austur-Húnavatnssýslu frá 8. janúar, 21. janúar, 28. janúar og 17. febrúar 2004.**  
*Fundargerðirnar eru lagðar fram til kynningar.*
6. **Grímur Gíslason og Hjörtur Einarsson mæta til viðræðna um uppbyggingu húsdýragarðs á Blönduósi .**  
*Frestað til næsta fundar bæjarráðs.*



**7. Önnur mál.**

**a. Nefnd um sameiginlegan sorpurðunarstað.**

*Bæjarstjóri greindi frá fundi nefndarinnar fyrr um daginn með Ómari Bjarka Smárasyni, jarðfræðingi. Auk Ómars Bjarka og nefndarmanna; þeirra Bjarna Maronssonar, Magnúsar B. Jónssonar og Jónu Fanneyjar voru mættir fulltrúar frá Húnaþingi vestra, þeir Skúli Þórðarson og Heimir Ágústsson til að kynna sér málið. Farið var yfir næstu skref og er ætlunin að Ómar Bjarki hafi tilbúna svokallaða matsáætlun, sem er undanfari umhverfismats, fyrir lok apríl. Jafnframt voru helstu kostnaðartölur og mögulegir urðunarstaðir ræddir.*

**Fundargerð upplesin og samþykkt.**

**Fundi slitið kl. 17:35.**

Auðunn Steinn Sigurðsson (sign.)

Hjördís Blöndal (sign.)

Valdimar Guðmannsson (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)